

TILLÖGUR STJÓRNAR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM LÍFEYRISSJÓÐS BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. LAGÐAR FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 29. MAÍ 2013

Breytingatillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með bláu letri og [undirstrikun](#) og sá texti, sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með bláu letri og [yfirstrikun](#).

Stjórn leggur til breytingar á eftirfarandi greinum:

11. gr. Ellilífeyrir

Eftirfarandi breyting verður á 1. málsgrein:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til lífeyrissjóðsins samanlagt í 6 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Skal ellilífeyrinn nema ákveðnum hundraðshluta af umreiknuðum meðallaunum síðustu 5 almanaksára hans í starfi miðað við fullt starf. Skal umreikningurinn miðast við breytingu á launavísitölu, útgefinni af Hagstofu Íslands frá meðaltali almanaksársins til næsta mánaðar eftir að látið er af starfi. Liggi vísitala mánaðar ekki fyrir skal notast við síðustu reiknuðu vísitölu. [Síðan breytist fjárhæð lífeyris mánaðarlega í hlutfalli við síðustu reiknuðu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris hefst breytist fjárhæð mánaðarlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.](#)

Bætt er við nýrri málsgrein sem verður 2. málsgrein:

[Fyrir sjóðfélaga sem láta af störfum eftir 1.7.2013 skulu reiknuð áunnin réttindi aukin um 14% í samræmi við ákvæði viðauka IV. Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.](#)

12. gr. Örorkulífeyrir

Eftirfarandi breyting verður á 2. málsgrein:

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyris við starfstíma og laun með sama hætti og segir í 11. gr. [Örorkulífeyrir breytist eftir að taka hans hefst með sama hætti og ellilífeyrir.](#)

Bætt er við nýrri málsgrein sem verður 6. málsgrein:

[Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Okkar líftryggingum hf.](#)

13. gr. Makalífeyrir

Eftirfarandi breyting verður á 2. málsgrein:

[Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna, starfshlutfalli og umreiknuðum launum fyrir fullt starf með sama hætti og segir í 1. mgr. 11. greinar. Fyrir starfstíma í fullu starfi skal hundraðshlutinn vera 1,25% fyrir hvert starfsár, þó að hámarki 50%. Fyrir starfstíma í hlutastarfi lækka hundraðshlutar þessir í samræmi við starfshlutfall. Upphæð lífeyris skal nema 10/17 af áunnum eftirlaunarétti sjóðfélaga samkvæmt útreikningi í 11. gr. og breytist með sama hætti.](#)

25. gr. Gildistaka

Dagsetning í 25. gr. er leiðrétt:

Samþykktir þessar voru samþykktar á ársfundi þann ~~30. apríl 2010~~ 29. maí 2013. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Fram að þeim tíma gilda gildandi samþykktir sjóðsins.

Bætt er við nýjum viðauka við samþykktir, Viðauka IV:

Viðauki IV – Breytingar á réttindum sjóðfélaga sem byrjað hafa töku lífeyris eða látið af störfum fyrir 1.7.2013

Áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2013.

Hafi ráðherra ekki samþykkt aukninguna fyrir framangreindar dagsetningar frestast framkvæmd þeirra til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.

Uppfært: ~~31. maí 2011~~ 29. maí 2013